

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað,
nr 474 4. desember 1984, með síðari breytingum.

1. gr.

19. gr. orðist svo:

Ökuhraða skal ávallt stilla svo, að eigi valdi hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð. Hámarkshraði vélknúinna ökutækja í kaupstaðnum ákvarðast af almennum ákvæðum umferðarlaga og gildandi auglýsingu um umferð á Ísafirði á hverjum tíma.

2. gr.

Í stað orðsins „bifreiða“ tvívegis í 21. gr. komi: vélknúinna ökutækja.

3. gr.

27. gr. orðist svo:

Eigi má fleygja rusli, úrgangi eða öðru því, sem valdið getur óþrifnaði, óheilmæmi eða óþrýði á lóðir, opin svæði, né heldur innan marka Ísafjarðarhafnar. Innan bæjarins má ekki kveikja í rusli eða sorpi, nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

4. gr.

28. gr. orðist svo:

Bannað er að eyða eða spilla gróðri í almenningsgördum og á víðavangi. Óheimilt er að brenna sinu nema á jörðum, sem eru í ábúð eða nýttar af ábúendum lögbýla og þá samkvæmt leyfi sýslumanns.

5. gr.

33. gr. orðist svo:

Heimilt er að hafa veitingastaði opna frá kl. 6.00 til kl. 3.00 eftir nánari ákvörðun lögreglustjóra. Gestir skulu vera á brott innan hálftrar stundar frá því að lokað er. Á gististöðum má þó selja ferðamönnum veitingar á hvaða tíma sólarhrings sem er.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi til þess að skemmtanir og aðrar samkomur standi lengur en til kl. 23.30.

Bæjarstjórn er heimilt, að fenginni umsögn lögreglustjóra, að veita undanþágu til heim-sendingar veitinga, utan framangreinds tíma, enda raski það ekki allsherjarreglu.

6. gr.

34. gr. breytist þannig:

a) 2. mgr. orðist svo:

Unglingum innan 14 ára aldurs er óheimill aðgangur og dvöl á knattborðs- og leik-tækjastofum, nema í fylgd forráðamanna. Aldur miðast við fæðingarár, en ekki fæðingardag. Starfsmenn við slík tæki, skulu ekki vera undir 18 ára aldri.

b) 3. mgr. orðist svo:

Í stað „kl. 15.00 til kl. 23.30“ í 3. mgr. komi: kl. 9.00 til kl. 23.30.

7. gr.

Í stað VIII. og IX. kafla (39.-45. gr.) komi nýr kafli: VIII. kafli. **Um hundahald, búfjárhald o.fl.**

8. gr.

39. gr. orðist svo:

Hundahald er bannað í kaupstaðnum, nema með leyfi bæjarstjórnar, sbr. samþykkt um hundahald í Ísafjarðarkaupstað.

9. gr.

40. gr. orðist svo:

Búfjárhald er bannað í kaupstaðnum, nema með leyfi bæjarstjórnar, sbr. reglugerð um búfjárhald í Ísafjarðarkaupstað.

10. gr.

41. gr. orðist svo:

Alla flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að, er lögreglu heimilt að aflífa.

11. gr.

42.-45. gr. falli niður og breytist greinatala samkvæmt því.

X. kafli verður IX. kafli.

12. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 18. maí 1988, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. apríl 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUR

um (1.) breytingu á reglum nr. 58/1994, um endurgreiðslu sjúkratrygginga á tannlækningakostnaði vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa.

1. gr.

Á eftir 5. gr. komi ný grein, er verði 5. gr. a, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði um endurgreiðsluhlutfall í 1. - 5. gr. endurgreiða sjúkratryggingar Tryggingastofnunar ríkisins tannlækningakostnað andlega þroskahamlaðra, sem svarar til 90% af gildandi gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins, sem hér segir, enda sé meðferðarmynstur samþykkt af stofnuninni:

1. Vegna barna sem falla undir 1. og 2. flokk skilgreiningar á fötlunar- og sjúkdómsstigi í 4. gr. reglugerðar nr. 150/1992, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og sjúkra barna.